



8. október 2020

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um mál nr. S-196/2020 í samráðsgátt stjórnvalda

Áform um frumvarp til laga um stafrænt pósthólf

Hagsmunasamtök heimilanna eru almennt hlynnt rafrænni þjónustu. Að því sögðu er þó ástæða til að koma á framfæri athugasemdum við atriði þessu tengd sem lúta að rafrænni auðkenningu.

Að undanfögnu hafa samtökin orðið vör við aukna tilhneigingu hins opinbera til að krefjast notkunar rafrænna skilríkja sem skilyrði fyrir aðgangi að ýmissi opinberri þjónustu. Þetta hófst árið 2014 með leiðréttingu verðtryggðra fasteignalána, en sem nýleg dæmi mætti nefna söfnun meðmælenda með forsetaframbjóðendum á island.is og heilbrigðisþjónustu á vefnum heilsuvera.is.

Aðeins eitt fyrirtæki í eigu einkaaðila, einkum fjármálafyrirtækja, býður upp á svokölluð rafræn skilríki samkvæmt lögum um rafrænar undirskriftir nr. 28/2001. Að mati samtakanna er það með öllu óréttmætt að þvinga neytendur í viðskipti við einkafyrirtæki í einokunarstöðu, með því að krefjast auðkenningar með rafrænum skilríkjum svo þeir geti sótt réttindi sín á grundvelli laga. Dæmi eru um að þeim sem ekki vilja una því hafi verið synjað um lögbundin réttindi sín. Útgáfa persónuskilríkja á eðli máls samkvæmt að vera á ábyrgð stjórnvalda og hana ætti aldrei að einkavæða.

Samkvæmt tilkynningu forsætisráðuneytisins um eflingu stafrænnar þjónustu frá 31. maí 2019 stefna stjórnvöld nú að því að ríkið taki að sér útgáfu á rafrænum skilríkjum. Samtökin eru almennt fylgjandi þeirri stefnu og hvetja til þess að þeirri vinnu verði hraðað. Jafnframt að áform þau sem hér eru til umsagnar taki mið af því að samræma framgang þessara verkefna, þannig að ekki verði gengið lengra í kröfum um notkun rafrænna skilríkja fyrr en útgáfa ríkisins á þeim hefst.

- 0 -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is